

## **Ed. 87. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]**

um skipan rannsóknarnefndar samkvæmt 39. grein stjórnarskrárinnar til að rannsaka afskipti ráðherra og embættismanna af rekstri ólöglegra útvarpsstöðva.

Flm.: Eiður Guðnason, Ragnar Arnalds, Stefán Benediktsson,  
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að kjósa sjö manna rannsóknarnefnd samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. að kanna embættisleg afskipti einstakra ráðherra af rekstri þeirra útvarpsstöðva er héldu uppi ólöglegri starfsemi í verkfalli opinberra starfsmanna, meðal annars hvort ráðherrar hafi látið undir höfuð leggjast að sinna ótvíræðum skyldum sínum eða hafi með atbeina sínum torvelað réttum aðilum rannsókn þessara mála;
2. að kanna afskipti embættismanna af rekstri áður greindra útvarpsstöðva og gang kærumála vegna rekstrar stöðvanna.

Nefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til og nauðsynlegt reynist.

Hún skal í störfum sínum hafa fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist.

Fundir nefndarinnar skulu haldnir í heyranda hljóði.

Skal nefndin skila Alþingi skýrslu um störf sín eigi síðar en tveimur mánuðum eftir samþykkt þessarar ályktunar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

### **Greinargerð.**

Útsendingar Ríkisútvarps féllu niður um hádegi mánudaginn 1. október vegna mótmæla starfsfólks sem ekki fékk laun sín að fullu greidd þann dag svo sem lög mæla fyrir um. Um kvöldið féll útsending sjónvarps niður af sömu ástæðu. Verfall opinberra starfsmanna hófst síðan 4. október s. l.

Fljótlega, eða strax 3. október, hófu a. m. k. tvær útvarpsstöðvar útsendingar á FM-bylgju í Reykjavík. Var önnur miðuð út og reyndist hún vera í húsi Sjálfstæðisflokksins að Háaleitisbraut 1 í Reykjavík og kallaði sig „Frjálst útvarp“. Hin mun í fyrstu hafa verið við Smiðjuveg í Kópavogi og rekin á vegum Dagblaðsins Vísis og kallaði sig „Fréttaútvarp DV“. Eitthvað mun hafa verið um það að útvarpsstöðvar störfuðu annars staðar í þéttbýli, svo sem á Akureyri, Ísafirði, í Vestmannaeyjum og jafnvel víðar.

Samkvæmt skýrslu frá radióeftirliti Pósts og síma var löggæslumönnum meinaður aðgangur að Valhöll, húsi Sjálfstæðisflokksins, til að kanna þá stöð sem þar var miðuð út. Ljóst er samkvæmt skýrslu radióeftirlitsins sem prentuð er sem fylgiskjal með þessari tillögu að ráðherra póst- og símamála hafði afskipti af því máli. Ljóst er enn fremur að rannsókn þessara mála og kærur vegna þessarar starfsemi fengu ekki hraða málsmeðferð í kerfinu. Þess vegna er að mati flutningsmanna þessarar tillögu nauðsynlegt að draga fram í dagsljósið allar staðreyndir um afskipti einstakra ráðherra, svo og embættismannakerfisins, af þessum málum því að langur tími leið frá því að stöðvarnar tvær í Reykjavík hófu útsendingu þar til starfsemi þeirra var stöðvuð.

Fylgiskjal.

**SKÝRSLA RADÍÓEFTIRLITS LANDSSÍMANS  
UM FÖR EFTIRLITSMANNA AÐ HÁALEITISBRAUT 1.**

Hr. yfirverkfræðingur,  
Gústav Arnar.

Reykjavík 4. 10. 1984.

Síðdegis í gær bárust radióeftirlitinu fréttir um að ólögleg útvarpsstöð væri með sendingar í Reykjavík. Við, undirritaður ásamt Hjálmari Árnasyni skoðunarmanni, fórum þá þegar af stað til leitar. Við miðun frá Suðurverri við Stigahlíð reyndist stefnan vera norður Kringlumýrarbraut á tíðnunum ca. 100, 102, 104 og 106 MHz. Sterkust var sendingin á 102 MHz. Kölluð var til lögregla og kom bíll no. 25 skömmu síðar. Tveir lögreglumenn voru í bílnum, þeir Haukur Ásmundsson lögregluflokksstjóri, no. 38, og Þórður Þórðarson lögreglumaður, no. 151. Með stöðuga miðun var keyrt frá Suðurverri norður Kringlumýrarbraut og reyndist þá sendingin koma frá húsi Sjálfstæðisflokksins við Háaleitisbraut 1. Þar sem auglýsingasími útvarpsstöðvarinnar var gefinn upp í útsendingu hjá auglýsingastofu Ólafs Stephensen, síma 685716, var ákveðið að fara þangað. Í anddyri hússins var staddur Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og reyndi hann strax að meina okkur aðgang. Að lokum fékkst leyfi til að fara upp á 3. hæð, þar sem stofan er, í fylgd Kjartans. Þess skal getið að á þessari stundu hafði sending verið stöðvuð. Á auglýsingastofunni voru fyrir nokkrir starfsmenn stofunnar en Ólafur var ekki við. Radióeftirlitið gerði kröfu um að fá að kanna húsakynni stofunnar. Lögreglumennirnir vildu þá kalla til Magnús Einarsson aðstoðaryfirlögregluþjón og kom hann skömmu síðar ásamt Ólafi Stephensen sem einnig var kallaður til. Að sögn Magnúsar viðurkenndi Ólafur fyrir honum að hann hefði leyft afnot af símanúmeri sínu til að taka á móti auglýsingum fyrir „Frjálst útvarp“ en að öðru leyti væri hann ótengdur málinu. Ólafur leyfði að radióeftirlitið skoðaði húsakynni sín og gerðum við það. Ekkert þar inni benti til að sending ætti sér stað þaðan. Radióeftirlitið gerði þá kröfu til lögreglunnar um að fá að fara upp á þak hússins til að kanna loftnet og leiðslur frá þeim. Magnús Einarsson fór formlega fram á þetta við Kjartan eftir að Magnús hafði áður ráðfært sig við William Möller, lögfræðing lögreglunnar. Kjartan Gunnarsson taldi sig einnig þurfa að ræða við sína lögfræðinga áður en hann tæki slíka ákvörðun. Skömmu seinna kom hann aftur og neitaði að gefa slíka heimild fyrir en hann hefði ráðfært sig við flokkinn á fundi sem ætti að vera á föstudaginn komandi. Jafnframt þessu bauð hann viðstöddum að koma niður á skrifstofu flokksins á 2. hæð. Davíð Oddsson borgarstjóri, sem áður hafði fylgst með málum, kom í þessu og tilkynnti að hann hafi verið að ræða við ráðherra póst- og símamála og að ráðherra hefði sagt að þetta væri ekki gert með heimild og vitund sinni. Á flokksskrifstofunni hringdi borgarstjóri aftur í ráðherra póst- og símamála og ræddi við hann um aðförina, rétti síðan Magnúsi Einarssyni símann og sagði að ráðherra vildi tala við hann. Eftir stutt símtal lagði Magnús á og tilkynnti að þar sem yfirmaður póst- og símamála hefði ekki veitt heimild fyrir þessu þá stöðvaði lögreglan frekari aðgerðir í málinu og færi. Borgarstjóri bað viðstaddan að fylgja okkur út úr húsinu og læsa framdyrum hússins.

Virðingarfyllst,  
Þórir Garðarsson.